

Mars 2023



Íslenska tímarannsóknin

Tillögur að framkvæmd og
úrvinnslu

Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Íslenska tímarannsóknin: Tillögur að framkvæmd og úrvinnslu

Mars 2023

for@for.is

stjornarradid.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2023 Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-482-40-2

Efnisyfirlit

1. Samantekt	5
2. Inngangur	7
3. Skilgreiningar og hugtök	8
3.1 Kynjasjónarmið	8
4. Greining á stöðu og fyrri rannsóknir	9
5. Tímanotkunarrannsóknir	10
5.1 Harmonised European Time Use Survey (HETUS)	10
5.1.1 Knöpp dagbók (e. light diary)	11
5.1.2 Stílfærðar spurningar	12
5.2 Framkvæmd í nágrennalöndum	12
5.2.1 Finnland	13
5.2.2 Noregur	13
5.2.3 Svíþjóð	14
5.3 Kostir og gallar við ólíkar aðferðir	14
6. Aðferðafræði	16
6.1 Hvaða upplýsingar á að birta og í hvaða niðurbroti	16
6.2 Úrtaksstærð, úrtaksgerð og úrtaksrammi	18
7. Tillögur um framkvæmd og úrvinnslu	20
7.1 Framkvæmd	20
7.1.1 Hönnun spurningalista	20
7.1.2 Skipulagning fyrirlagnar	21
7.1.3 Gagnasöfnun	21
7.1.4 Gagnahreinsun og yfirferð gagna	21
7.1.5 Vista í gagnatöflum	21
7.2 Úrvinnsla, greining og miðlun niðurstaðna	22
7.2.1 Úrvinnsla	22
7.2.2 Greining gagna	23
7.2.3 Miðlun hagtalna	23

Skammstafanir

HETUS: Harmonised European Time Use Survey

ICATUS: International Classification of Activities for Time Use Statistics

MHI: Minimum Harmonized Instrument

SILC: Survey on Income and Living Conditions (í. lífskjararannsókn)

Sp: Sameinuðu þjóðirnar

TUS: Time Use Survey

ÍS-T: Íslenska tímarannsóknin

1. Samantekt

Tímarannsóknir geta gefið mikilvægar upplýsingar sem nýtast við stefnumörkun tengdri lífsgæðum, hagsæld og jafnrétti kynjanna. Í nágrannalöndunum hafa verið gerðar tímarannsóknir sem nýst hafa við stefnumótun og gæti íslensk rannsókn á þessu efni gefið skýrar og auðskiljanlegar niðurstöður og náð að fanga kynjaðan raunveruleika heimilanna.

Ólaunuð vinna á heimilum er á Íslandi, eins og annars staðar í heiminum, að miklu leyti unnin af konum og hefur ójöfn skipting ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa milli karla og kvenna áhrif á stöðu og tækifæri kvenna.

Gögn sem varpa ljósi á stöðu kynjanna eru mikilvæg forsenda þess að stjórnvöld geti unnið að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana, líkt og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna mæla fyrir um. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða eða kynjasamþætting er aðferð sem gengur út á að sjónarmið allra kynja séu til staðar þegar ákvarðanir eru teknar. Markmiðið er að tryggja að þarfir allra kynja séu uppfylltar og að ekki halli á eitt kyn. Með því að nota aðferðir kynjasamþættingar má tryggja að stefna og starfsemi mismuni ekki eftir kyni heldur stuðli að frekari uppbyggingu og jafnrétti kynjanna.

Tillögur

Leitast verður við að ná sem hæstu svarhlutfalli með því að minnka svarbyrði og er því lagt til að notuð verði stutt og hnitmiðuð útgáfa af tímanotkunarrannsókn sem hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna hefur kynnt, svokallaðan Minimum Harmonized Instrument (MHI; Stuttlista Sb). Þessi aðferð þykir henta vel fyrir lönd sem hafa ekki framkvæmt tímanotkunarrannsókn, hún er ekki jafn ítarleg og hefðbundnar rannsóknir en veitir samt sem áður niðurstöður sem eru alþjóðlega samanburðarhæfar. Auðveldara þykir að framkvæma hana með reglulegu millibili og á hagkvæmari hátt. Lagt er til að notað verði knappt dagbókarform og viðbótarspurningar til að ná fram aukinni dýpt.

Stuttlisti SP

Rafrænn og einfaldari í framkvæmd fyrir bæði svarendur og rannsakendur. Netkönnun sem byggir á staðlaðri rafrænni dagbókarskráningu og leggur sérstaka áherslu á að fanga ólaunaða vinnu.

Knöpp dagbók

Fellivalislisti með athafnaflokkum og öðrum svarmöguleikum sem einfaldar bæði svörun og kóðun.

Samhengi athafnar

Til að bæta samhengi athafnar verða eftirfarandi upplýsingar skráðar: Staðsetning athafnar, fyrir hvern athöfnin var, með hverjum hún fór fram og hvort upplýsingatækni hafi verið notuð.

Hliðarathöfn

Samhliða söfnun upplýsinga um aðalathöfn skal safna upplýsingum um athöfn sem framkvæmd er samhliða aðalathöfn. Þetta eykur nákvæmni og heildleika gagnanna.

Viðbótarspurningar

Til þess að dýpka rannsóknina verða notaðar viðbótarspurningar, m.a. til þess að mæla ánægju og afstöðu fólks til verkaskiptingar innan heimilisins, s.s.: „Hversu ánægð/ur/t varstu á meðan á athöfninni stóð?“.

Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar verða nýttar til að meta skiptingu ógreidds vinnuframlags milli kynjanna. Reynt verður að mæla þann tíma sem varið er í launaða vinnu, verkaskiptingu heimilisstarfa, frístundir og hvíld eftir t.d. barnafjölda, umönnun fjölskyldumeðlima, tekjum, búsetu og uppruna. Einnig verður reynt að mæla ánægju og afstöðu til verkefna og verkaskiptingar innan heimilisins. Niðurstöður nýtast við stefnumörkun á sviði jafnréttis, fjölskyldumála, félagsmála og almennt í talnaefni um lífskjör og jafnrétti. Þá er hægt að nýta niðurstöðurnar við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar í kynjajafnréttismálum og hægt verður að horfa til þeirra við gerð fjármálaáætlunar.

Næstu skref

Í apríl hefst Hagstofa Íslands handa við að undirbúa og forprófa spurningar og setja upp vefspurningalista. Gagnasöfnun mun fara fram á haustmánuðum 2023 og gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður verði birtar í mars 2024.

2. Inngangur

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum 19. ágúst 2022 að tillögu forsætisráðherra að hefja undirbúning að rannsókn á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum, sem stundum nefnast önnur og þriðja vaktin, í samstarfi við Hagstofu Íslands. Í vinnuhópi um verkefnið sátu Sunna Diðriksdóttir, forsætisráðuneyti, Marta Birna Baldursdóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Anton Örn Karlsson, Hagstofu Íslands, og Lárus Blöndal, Hagstofu Íslands. Með vinnuhópnum starfaði Sesselja Hreggviðsdóttir, sérfræðingur á Hagstofu Íslands.

Vinnuhópurinn fundaði með fulltrúum frá Háskóla Íslands, Þorgerði J. Einarsdóttur, prófessor við stjórnmálafræðideild, Önnu Guðrúnu Ragnarsdóttur, doktorsnema í hagfræði, og Ragnheiði Davíðsdóttur, meistaranema í kynjafræði. Einnig horfði vinnuhópurinn til verkefnisins „Þannig týnist tíminn“ sem Ragnheiður Davíðsdóttir vann í námskeiðinu Hagnýting jafnréttisfræða: Frá bróðurparti til systkinalags við Háskóla Íslands, í samstarfi við forsætisráðuneytið.

Í þessari skýrslu er gerð tillaga að tímarannsókn sem er ætlað að fanga umfang ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa, sem stundum eru kölluð önnur og þriðja vaktin. Rannsóknir sýna að tími og verksvið heimilanna eru kynjuð og að ólaunuðum störfum er sinnt með ólíkum hætti af kynjunum. Konur sinna t.d. ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum í ríkari mæli en karlar.¹ Á Íslandi skortir þó áreiðanlegar mælingar á ólaunuðum störfum kynjanna. Mælingar á því hvernig fólk ver tíma sínum geta gefið dýpri skilning á aðstæðum og lífsgæðum í samfélaginu. Í skýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða frá árinu 2022 kemur fram að þótt rannsóknir bendi til þess að ólaunuðum störfum sé sinnt með ólíkum hætti af kynjunum og að verkaskipting heimilisstarfa sé afar kynbundin og ójöfn skorti áreiðanlegar mælingar á því, þar sem formleg tímarannsókn hefur ekki verið gerð á Íslandi. Á grunni þessarar skýrslu mun Hagstofan hanna og innleiða gagnasöfnunarform fyrir tímarannsóknina. Rannsóknin er einnig hluti af undirbúningi fyrir tímanotkunarrannsókn (e. Time Use Survey - TUS) sem framkvæma á árið 2029 samkvæmt EES-skuldbindingum.

Helsta áskorunin við tímanotkunarrannsóknir er sú að þær eru flóknar, kostnaðarsamar og geta verið mjög tímafrekar í svörun. Þar af leiðandi er aukin hætta á því að stór hluti úrtaks í slíkri rannsókn fái ekki til þátttöku. Svarbyrði þyngist eftir því sem reynt er að fanga meiri og nákvæmari upplýsingar. Vandinn er að tímalengd getur leitt til þess að ákveðnir hópar taki ekki þátt, en í tímanotkunarrannsókn væri hægt að færa rök fyrir því að þau sem forðist helst þátttöku séu þau sem eru hvað uppteknust. Markmiðið með þessari skýrslu er því einnig að leggja til aðferð við tímarannsókn sem fangar sem mestar upplýsingar, en á sama tíma að léttu svarbyrði þátttakenda.

¹ <https://oecd-development-matters.org/2019/03/18/why-you-should-care-about-unpaid-care-work/>

3. Skilgreiningar og hugtök

Rannsóknir, hérlendis og erlendis, hafa sýnt að konur verja meiri tíma en karlar í ógreidda vinnu en þar að auki eru þau verkefni sem þau sinna kynjuð, sem birtist í því að verksvið karla og kvenna er ólíkt. Ógreiddri vinnu sem tengist heimilum og fjölskyldu er gjarnan skipt í þrennt: hefðbundin heimilisstörf, umönnun barna (þar sem greint er á milli umönnunar og gæðastunda) og umönnun aldraðra og/eða annarra fjölskyldumeðlima sem þurfa á umönnun að halda.

Þessi verkefni eru stundum kölluð önnur vaktin. Fyrsta vaktin vísar þá til launaðrar vinnu utan heimilis. Ólaunuð ábyrgð, yfirumsjón og verkstýring á heimilis- og fjölskylduhaldi er svo gjarnan kölluð þriðja vaktin eða hugræn byrði. Þriðja vaktin felur í sér hugrænt skipulag, áætlanir, að leggja á minnið hverju þarf að sinna, hvenær og hvernig, muna eftir að muna, verkefni sem eru að megninu til huglæg og ósýnileg öðrum en krefjast orku og tíma þess sem þeim sinnir.²

3.1 Kynjasjónarmið

Meiri heimilis- og umönnunarstörf hafa áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði og atvinnuþátttöku þeirra, en konur eru líklegri til að vera í hlutastarfi og mun ólíklegri til að gegna æðstu stjórnun og hefur þetta áhrif á kynbundinn launamun. Minni þátttaka kvenna á vinnumarkaði hefur þá áhrif á framleiðni í hagkerfinu og gæti dregið úr hagvexti. Þessi ólaunuðu heimilis- og umönnunarstörf hafa einnig áhrif á heilsu kvenna, en þær eru í meiri hættu á að lenda í kulnun vegna streitu og álags. Þá eru konur í miklum meirihluta þeirra sem hafa leitað sér þjónustu í starfsendurhæfingu hjá VIRK á sl. 10 árum og sem þiggja örorkulífeyri. Einnig ýtir þessi kynjaða verkaskipting undir staðalmyndir kynjanna og viðheldur þannig hefðbundnum kynhlutverkum inni á heimilunum og á vinnumarkaði.

² <https://www.vr.is/thridja-vaktin-hugraen-byrdi/>

4. Greining á stöðu og fyrri rannsóknir

Eins og fyrr segir hefur ekki verið framkvæmd formleg tímanotkunarrannsókn á Íslandi. Reglulega hafa þó verið framkvæmdar rannsóknir á því hvernig fólk telur sig verja tíma sínum. Þjóðmálastofnun gerði rannsóknir á verkaskiptingu kynjanna á heimilum árin 2005 og 2010³ og Félagsvísindastofnun gerði sambærilega rannsókn árið 2013⁴ en allar byggja þær á rannsóknum International Social Survey Programme (ISSP) á fjölskyldulífi og kynjahlutverkum. Rannsóknirnar sýndu að verkaskipting ólaunaðra heimilisstarfa hafði jafnast en var enn ójöfn og munaði þar mest um skiptingu á uppeldi og umönnun barna.

Í lífshjararannsókn Hagstofu Íslands (e. Survey on Income and Living Conditions - SILC) árið 2021 var bætt við spurningum um heimilisstörf og birti Hagstofan fyrstu niðurstöður sem tilraunatólfræði í nóvember 2021.⁵ Heilt yfir greindist ekki mikill kynjamunur. Niðurstöðurnar sýna þó mikinn mun á umfangi ógreiddrar vinnu eftir því hvort börn eru á heimilinu eða ekki, sérstaklega þegar kemur að umönnun. Hvað mestan kynjamun má einmitt greina í tíma varið við umönnun þegar börn eru á heimilinu. Þá má einnig greina mun á því hversu sátt kynin eru við verkaskiptingu en konur voru mun líklegri en karlar til að telja sig gera meira en sinn hluta. Þessar spurningar féllu vel að rannsókninni 2021 því í fyrsta skipti voru lagðar fyrir viðhengisspurningar um börn og aðbúnað þeirra og er þar tekið tillit til barna sem búa aðeins að hluta til á heimilinu.

³ Sjá: Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson. Verkaskipting kynjanna fyrir og eftir bankahrun (2010).

https://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/frettabref_thjodmalastofnunar_10_2010.pdf

⁴ Sjá: Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir. Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði (2015).

https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada_karla_og_kvenna_29052015.pdf

⁵ <https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/heimilisstorf-tt/>

5. Tímanotkunarrannsóknir

Tímanotkunarrannsóknir mæla hvernig fólk ver tíma sínum. Rannsóknir beinast að deginum öllum og litið er til þess hversu miklum tíma fólk ver í ólíkar athafnir, eins og t.d. launaða vinnu, heimilis- og umönnunarstörf, félagslíf og tómstundir. Þær geta því verið mikilvæg auðlind til að geta lagt mat á kynjajafnrétti og varpað ljósi á kynjuð mynstur ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa.

Tímanotkunarrannsóknir eru kostnaðarsamar, flóknar og tímafrekar. Einnig leggja þær mikla svarbyrði á þátttakendur sem getur leitt til brottfalls í svörun og þar af leiðandi ómarktækra niðurstaðna.

Tvær megináðferðir eru notaðar við rannsóknir á tímanotkun einstaklinga, annað hvort dagbækur eða stílfærðar spurningar. Við báðar aðferðir er ýmissa bakgrunnsupplýsinga aflað um hvern þátttakanda.

Dagbókarformið kallar á að þátttakendur muni og skrái upphafs- og endatíma athafna á því tímabili sem spurt er um. Þannig verður til nákvæmt gagnasafn (e. micro dataset) yfir athafnir sem svo er hægt að leggja saman og fá heildstætt gagnasafn yfir tímanotkun (e. macro time budget dataset). Með hinni leiðinni, stílfærðum spurningum, er spurt hve löngum tíma viðkomandi varði við tilteknar athafnir á tímabilinu. Þessi aðferð dregur heildaryfirlitið fram strax en skortir nákvæmni hvað varðar tímasetningar og tímaröð.

5.1 Harmonised European Time Use Survey (HETUS)

Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, hefur yfirumsjón með framkvæmd samanburðarrannsókna á tímanotkun fólks í ólíkum Evrópuríkjum sem nefnist „Harmonised European Time Use Survey“ (HETUS). Rannsóknin hefur tvívegis verið framkvæmd af hverju þáttökulandi fyrir sig, árin 2000 og 2010. Næsta umferð rannsóknarinnar átti að hefjast árið 2020.⁶ Rannsóknin hefur ekki verið lögð fyrir á Íslandi en Hagstofu Íslands ber að framkvæma slíka rannsókn eigi síðar en árið 2029, samkvæmt rammareglugerð um samræmda evrópska hagskýrslugerð (IESS).

Í tengslum við HETUS eru gefnar út leiðbeiningar um hvernig eigi að mæla og framkvæma rannsóknina en markmiðið er að hafa samanburðarhæfar upplýsingar um tímanotkun fólks í mismunandi Evrópuríkjum.⁷ Engu að síður er nokkur munur á gögnum milli landa og yfir tíma. Þá er einnig munur milli landa á tíðni, tímasetningum, innihaldi og uppbyggingu rannsókna.⁸

Rannsóknin byggir á heimsóknarkönnun sem nær til heimila og heimilisfólks. Jafnframt fylla þátttakendur út dagbók þar sem þau greina frá tímanotkun sinni með því að skrá daglegar athafnir sínar í 10 mínútna lotum. Eftir að dagbókum er skilað þarf að kóða allar færslur með samræmdum hætti. Fyrirlögn og úrvinnsla þessara rannsókna er því frek á tíma og mannafla og kostnaðarsöm.

⁶ <https://ec.europa.eu/eurostat/web/time-use-surveys>

⁷ <https://ec.europa.eu/eurostat/documents/3859598/11597606/KS-GO-20-011-EN-N.pdf/2567be02-f395-f1d0-d64d-d375192d6f10?t=1607360062000>

⁸ <https://ec.europa.eu/eurostat/web/time-use-surveys>

Eins og fram hefur komið eru hefðbundnar tímanotkunarrannsóknir líkt og HETUS þungar í framkvæmd, bæði fyrir aðila sem safna gögnunum og greina þau og fyrir þátttakendur. Svarbyrði er einmitt talin ein af helstu ástæðum þess að svarhlutfall í tímanotkunarrannsóknum hefur farið lækkandi. Þrátt fyrir að tímanotkunargögn feli í sér mikla möguleika eru þau almennt vannýtt, m.a. vegna þess hve flókin þau eru sem takmarkar hver geta nýtt þau.⁹ Tækifæri eru því til að nýta tækni til að nútímavæða og einfalda allt ferlið.

Með þetta í huga hefur hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna kynnt hnitmiðaðri og einfaldari útgáfu af tímanotkunarrannsókn, svokallaðan Minimum Harmonized Instrument (MHI; í. Stuttlisti SP)¹⁰. Settar eru fram lágmarkskröfur til dagbókarformsins annars vegar og stílfærðra spurninga hins vegar. Um er að ræða stytta útgáfu af athafnalista úr alþjóðlegu flokkunarkerfi athafna fyrir tímanotkunartölfræði (e. International Classification of Activities for Time Use Statistics - ICATUS). Lágmarksathafnalisti Stuttlista SP inniheldur 25 athafnaflokka. Stuttlisti SP leggur áherslu á að mæla ólaunaða vinnu með mælingum sínum um athafnir, með því að spyrja viðbótarspurninga um athöfnina og tengja hana við það fyrir hverja athöfnin var unnin, með hverjum hún var unnin og tengja við tíma og stað.

5.1.1 Knöpp dagbók (e. light diary)

Ein leið til að draga úr svarbyrði og úrvinnslutíma er að nýta knappa dagbók á stafrænu formi við fyrirlögn. Stuttlisti SP leggur upp með að nota fellivalislista með athafnaflokkum og öðrum svarmöguleikum sem myndi bæði einfalda svörun og kóðun.

Til að bæta upplýsingar um samhengi athafna, m.a. til að fanga ólaunaða vinnu og umönnun, er gert ráð fyrir að skráðar séu upplýsingar um staðsetningu, þ.e. hvar athöfnin átti sér stað, og fyrir hvern hún var, t.d. fyrir launaða vinnu eða fjölskyldufyrirtæki, fyrir heimilið eða heimilisfólk, fyrir fjölskyldumeðlimi sem búa annars staðar eða fyrir einhvern annan. Þá er mælt með því að spyrja með hverjum athöfnin fór fram til að bæta söfnun upplýsinga um óvirka umönnun. Loks er mælt með því að spyrja hvort upplýsingatækni hafi verið notuð við valda athafnaflokka.

Gera skal ráð fyrir að upplýsingum sé safnað um athöfn sem framkvæmd er samhliða aðalathöfn, eins konar hliðarathöfn (e. secondary activity). Þrátt fyrir að spurningar um hliðarathafnir auki svarbyrði auka þær einnig nákvæmni og heildleika gagnanna. Þær geta dregið fram annars konar athafnir, sér í lagi dagleg rútínuverkefni og umönnun sem hætt er við að væru annars vanmetin. Nokkrar leiðir eru til að safna upplýsingum um hliðarathafnir, þ.e. að hafa sérreit fyrir hliðarathafnir, að spyrja frekari spurninga (e. probing questions) eða að draga þær fram úr svörum við spurningum um „fyrir hvern“ og „með hverjum“.

Dagbókarformið ætti að gera ráð fyrir skráningu upplýsinga um hliðarathöfn við allar athafnir í dagbókinni. Þannig gæti fellivalislisti fyrir hliðarathöfn innihaldið alla athafnaflokka í Stuttlista SP. Til að draga úr tíma sem tekur að svara eru einnig settar fram tillögur yfir færri valmöguleika þar sem áhersla er lögð á athafnir sem fela í sér ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf og að borða.

⁹ https://unstats.un.org/unsd/statcom/53rd-session/documents/BG-3h-Modernization_UN_EG_TUS2021_FINAL_SENT_rev-E.pdf

¹⁰ <https://unstats.un.org/unsd/statcom/53rd-session/documents/BG-3h-TimeUseStats-rev2-E.pdf>

Söfnun upplýsinga um hliðarathafnir getur bætt skráningu tiltekinna athafna en tryggir samt ekki endilega heildstæða mælingu. Því er mælt með því að nota einnig rannsakandi spurningar sem fá svaranda til að gera grein fyrir atvikum þar sem tilteknar athafnir, líkt og umönnun barna, fóru einnig fram.

Öflun upplýsinga um samhengi og hliðarathafnir er eingöngu möguleg þegar dagbókarformið er nýtt, en ekki með stílfærðum spurningum.

5.1.2 Stílfærðar spurningar

Stuttlisti SP leggur til spurningalista sem veitir leiðsögn fyrir lönd sem safna tímanotkunargögnum í fösum. Ólíkir hlutar spurningalistans geta þannig verið aðlagðir fyrir sértækar stefnumótunarþarfir. Stílfærðar spurningar styðja ekki við öflun gagna um samhengi athafna eða tíma varið í hliðarathafnir.

Spurningalistinn byggir á lágmarksathafnalistanum og er lögð til spurning fyrir hverja af 25 athöfnum, fyrir utan tilteknar athafnir sem lagt er til að sundurgreina frekar. Þannig er gert ráð fyrir ítarlegri sundurgreiningu á umönnun, auk þess sem slík sundurgreining gæti átt við um framleiðslu á vöru til eigin nota.

Nauðsynlegt er að spyrja frekari spurninga um tilteknar athafnir til að tryggja að svarendur taki þær með í svörum sínum. Slíkar spurningar draga einnig úr líkum á villum í útreikningi á þeim tíma sem varið er í athafnir mörgum sinnum yfir daginn. Ítarleg sundurgreining eykur einnig gæði gagnanna, auk þess sem þau styðja þannig betur við stefnumótun á ólíkum sviðum.

5.2 Framkvæmd í nágrannalöndum

Tímanotkunarrannsókn er framkvæmd reglulega með um 10 ára millibili á hinum Norðurlöndunum. Öll löndin eiga það sammerkt að undirbúningur og framkvæmd hefur tekið tvö til þrjú ár. Framkvæmdin sjálf er flókin með blöndu af hefðbundnum spurningum og dagbókarfærslum sem safnað er með viðtölum í síma, á vef eða á pappír. Öll löndin glíma við minnkandi svörun og aukið brottfall í úrtaksrannsóknnum og því er það áskorun að ljúka rannsókninni með viðunandi svörun.¹¹

¹¹ Upplýsingar um framkvæmd fengust á vinnufundi hagstofa Norðurlandanna um tímarannsóknir í Helskinki í nóvember 2022

Tafla 1. Tímanotkunarrannsókn – þrjú Norðurlönd.

	Finnland	Noregur	Svíþjóð
Undirbúningur	2 ár, 2019-2020	2 ár, 2020-2022	2 ár, 2019-2021
Fyrirlögn	September 2020 til september 2021	Október 2022 til október 2023	September til desember 2021
Úrtak	8.840 heimili, 19.268 einstaklingar, 10 ára og eldri	8.800 einstaklingar, 9-79 ára	18.000 einstaklingar, 18-84 ára.
Framkvæmd	Allir fá kynningarbréf og dagbók með pósti	Boð um þátttöku með tölvupósti, bréfpóstur ef netfang vantar og sms	Allir fá kynningarbréf og spurningalistann á pappír með pósti
	Fyrst viðtal í síma, svo fyllt út dagbók á vef eða pappír	Fyrst haft samband í síma, síðan er könnun og dagbók fyllt út á vef	Hægt að svara á vef eða pappír
	Dagbók bæði á vef (79%) og pappír (21%)	Allir sem svara fá NOK 500 / ISK 7000	Könnun á vef (33%) og pappír (67%)
	Allar athafnir kóðaðar handvirkt eftir á, bæði vef- og pappírsdagbók		
	10 kóðarar í 1 ár		
Svarhlutfall	23%	30%	32%

5.2.1 Finnland

Finnnska hagstofan tók tvö ár í undirbúning og eitt ár í fyrirlögn. Rannsóknin var hefðbundin þar sem fyrst var tekið viðtal við þátttakendur í síma og þeir svo beðnir um að fylla út dagbók á vef eða pappír. Fyrst var haft samband símleiðis við heimilin í úrtakinu þar sem safnað var upplýsingum um heimilissamsetningu og tengiliðsupplýsingar fyrir alla heimilismenn. Síðan var haft samband við alla heimilismenn þar sem safnað var bakgrunnsupplýsingum og gefnar voru leiðbeiningar um það hvernig væri best að fylla út dagbókarhluta rannsóknarinnar, annað hvort á vef eða pappír. Þátttakendur fylltu út dagbók fyrir tvo daga og þurftu að slá inn texta eða lýsingu fyrir allar athafnir viðkomandi dags.

Í úrtakinu voru 8.840 heimili þar sem bjuggu 19.268 einstaklingar 10 ára og eldri. Um 47% heimilanna luku heimilishlutanum, um 37% luku einstaklingsviðtalinu og 23% fylltu út að lágmarki einn dag í dagbókarhlutanum. Um 79% dagbókanna voru fylltar út á vefnum og 21% var skilað á pappír. Allar athafnir sem voru skráðar í dagbækurnar voru kóðaðar handvirkt eftir á, bæði vef- og pappírsdagbækurnar og tók það 10 kóðara 1 ár að ljúka kóðuninni.

5.2.2 Noregur

Norska hagstofan tók tvö ár í undirbúning og eitt ár í fyrirlögn. Undirbúningur hófst vorið 2020, fyrirlögnin hófst í október 2022 og lýkur í október 2023. Rannsóknin er hefðbundin þar sem fyrst er sent boð um að taka þátt í rannsókninni með tölvupósti eða bréfpósti og SMS-i. Spyrill frá norsku hagstofunni hefur síðan samband símleiðis við þátttakendur og hvetur fólk til þátttöku. SMS er síðan sent á þátttakendur þegar kemur að þeim að fylla út dagbókina. Í dagbókina á að færa inn allar athafnir í tvo daga og velja þátttakendur athafnir úr fyrir fram gefnum athöfnum af fellivalslista í spurningalistanum. Með því að velja fyrir fram gefnar athafnir þarf ekki að kóða athafnirnar eftir á og sparar það bæði tíma og útgjöld við framkvæmdina.

Í úrtakinu eru 8.800 einstaklingar 9-79 ára gamlir. Eftir fyrstu fimm vikurnar var svarhlutfall um 30% í rannsókninni. Allir sem svara fá greiddar 500 norskar krónur sem samsvarar um 7.000 íslenskum krónum.

5.2.3 Svíþjóð

Sænska hagstofan tók um tvö ár í undirbúning og um fjóra mánuði í fyrirlögn. Undirbúningurinn hófst 2019 og byrjaði sænska hagstofan á að skoða hvernig best væri að framkvæma hefðbundna tímanotkunarrannsókn með útfyllingu á dagbók. Eftir ítarlega skoðun varð niðurstaðan sú að framkvæma ekki hefðbundna rannsókn með útfyllingu dagbókar heldur nota hnitmiðaðri og léttari útgáfu í anda Stuttlisti Sp. Með þessari léttu útgáfu eru lagðar fyrir spurningar þar sem reynt er að meta tímann sem fer í hverja athöfn í stað þess að fylla út nákvæma dagbók allan viðmiðunardaginn. Sænska hagstofan hafði m.a. áhyggjur af minnkandi svörum og auknu brottfalli í úrtaksrannsóknnum og því þyrfti að koma með nýja nálgun, þ.e. léttari útgáfu af tímanotkunarrannsókn. Helsti ókosturinn við þessa nálgun var sá að niðurstöður verða ekki með öllu samanburðarhæfar við eldri rannsóknir.

Í úrtakinu voru alls 18.000 einstaklingar 18-84 ára. Allir þátttakendurnir fengu sent kynningarbréf og spurningalistann á pappír. Síðan var hægt að fara á heimasíðu hagstofunnar og svara könnuninni þar. Heildarsvörum var 32%; 33% þeirra svöruðu rannsókninni á vefnum en 67% á pappír.

5.3 Kostir og gallar við ólíkar aðferðir

Ef bornar eru saman annars vegar hefðbundnar aðferðir við tímanotkunarrannsóknir líkt og HETUS og hins vegar nútímavæddar aðferðir líkt og Stuttlisti Sp felast kostir hefðbundinna aðferða einna helst í mikilli nákvæmni í skráningu sem ætti að fanga vel upplýsingar sem hægt er að byggja á við greiningu á annarri og þriðju vaktinni. Gallarnir við þessar aðferðir eru að þær taka lengri tíma, bæði fyrir svaranda og greinendur. Þá krefjast þær einnig aðkomu fleira starfsfólks, bæði spyrta og kóðara, og eru því mun kostnaðarsamari.

Stuttlisti Sp er þróaður með það í huga að spara bæði tíma og kostnað, m.a. með aukinni notkun nútímatækni. Þannig ætti að taka styttri tíma að svara könnuninni, auk þess sem ekki er þörf á að kóða gögnin. Helsti ókostur er minni nákvæmni gagnanna. Nokkur munur er þó á því hvort notuð er dagbók eða stílfærðar spurningar. Með dagbókarforminu er mögulegt að safna meiri gögnum sem veita upplýsingar um samhengi athafna og um hliðarathafnir. Þannig veita þær betri upplýsingar fyrir greiningu á annarri og þriðju vaktinni.

Tafla 2. Samanburður á ólíkum aðferðum.

	HETUS	Stuttlisti Sp – knöpp dagbók	Stuttlisti Sp – stílfærðar spurningar
Svartími	Lengri	Styttri	Styttri
Nákvæmni	Mest	Meiri	Minni
Upplýsingar um aðra og þriðju vaktina	Betri	Betri	Takmarkaðri

Úrvinnslutími	Lengri	Styttri	Styttri
Kostnaður	Hærri	Lægri	Lægri

6. Aðferðafræði

6.1 Hvaða upplýsingar á að birta og í hvaða niðurbroti

Þær bakgrunnsbreytur sem fyrirhugað er að safna í tímarannsókninni eru tilgreindar í töflu 3. Eru þær til marks um þá greiningarmöguleika sem gögnin bjóða upp á en á grunni þeirra verða niðurstöður tímarannsóknarinnar birtar. Gagnalindum má skipta í skráargögn (íbúaskrá, menntagögn Hagstofu, nemendagögn Hagstofu, mannfjöldagögn Hagstofu, staðgreiðslugögn Hagstofu, skattagögn Hagstofu, fasteignaskrá) og spurningalistagögn (upplýsingar sem safnað er með spurningum í íslensku tímarannsókninni - ÍS-T).

Tafla 3. Bakgrunnsbreytur ÍS-T.

Breyta	Eigindi	Gagnalind
Kyn (svaranda og heimilisfólks)	Karl, kona, kynsegin/annað	Íbúaskrá þjóðskrár
Aldur (svaranda og heimilisfólks)	Aldursár	Íbúaskrá þjóðskrár (útreikningar Hagstofu)
Hjúskaparstaða (svaranda og heimilisfólks)	Í sambúð, ekki í sambúð	Íbúaskrá þjóðskrár (útreikningar Hagstofu)
Stærð heimilis	Fjöldatala heimilisfólks	Íbúaskrá þjóðskrár (útreikningar Hagstofu)
Heimilisgerð	Eitt fullorðið á heimili, tvö fullorðin á heimili án barna, tvö fullorðin á heimili með börn, eitt fullorðið á heimili með barn eða börn á framfæri, aðrar heimilisgerðir	Íbúaskrá þjóðskrár (útreikningar Hagstofu)
Staða heimilis á húsnæðismarkaði	Eigið húsnæði, leiguhúsnæði	Fasteignaskrá auk annarra heimilda (útreikningar Hagstofu)
Sjálfsmat vinnumarkaðsstöðu	Lítur þú aðallega á þig sem ...? vinnandi, námsmann eða á námssamningi, hætta/n/t að vinna vegna aldurs, öryrkja eða fatlaða/n,ð, heimavinnandi án launaðrar vinnu, í fæðingarorlofi, atvinnulausa/n/t, veika/n/t eða tímabundið ófæra/n/t til vinnu, annað	Spurning í ÍS-T
Fullt eða hlutastarf (í aðalstarfi)	Fullt starf, hlutastarf	Spurning í ÍS-T

Tímabundið eða ótímabundið aðalstarf	Tímabundið starf, ótímabundið starf	Spurning í ÍS-T
Menntunarstig	Flokkað eftir ISCED2011	Menntagögn Hagstofu
Nám (þeirra sem eru í námi)	Flokkað eftir ISCED2011	Nemendagögn Hagstofu
Fæðingarland	Landaheiti	Íbúaskrá þjóðskrár
Ríkisfang	Landaheiti	Íbúaskrá þjóðskrár
Erlendur bakgrunnur	Innflytjandi, ekki innflytjandi	Mannfjöldagögn Hagstofu
Staðsetning heimilis	Höfuðborgarsvæðið, þéttbýli á landsbyggðinni, dreifbýli á landsbyggðinni	Íbúaskrá þjóðskrár (útreikningar Hagstofu)
Atvinnugrein í aðalstarfi	Flokkað eftir ÍSAT2008	Staðgreiðslugögn Hagstofu
Starf í aðalstarfi	Flokkað eftir ÍSTARF21	Spurning í ÍS-T
Almenn heilsa svaranda	mjög góð, góð, sæmileg, slæm, mjög slæm	Spurning í ÍS-T
Langtíma (6 mánuðir eða lengur) heilsufarsvandamál svaranda	Já/Nei	Spurning í ÍS-T
Takmarkanir í daglegri virkni vegna heilsufars	Já/Nei	Spurning í ÍS-T
Ráðstöfunartekjur heimilis á neyslueiningu	Í krónum	Skattagögn Hagstofu (útreikningar Hagstofu)

Í töflu 4 má sjá drög að því hvernig helstu niðurstöðutöflur ÍS-T munu líta út. Þessi töfluuppsetning er ekki endanleg þar sem fjöldi svara og hindrun rekjanleika getur leitt til breytinga. Ekki er heldur lokað fyrir það skotið að fleiri greiningarbreytur eigi eftir að bætast við. Í töflu 5.2 má sjá hvaða flokkunarbreytur verða notaðar saman og hvaða greiningarbreytur verða greindar eftir þeim. Þannig er ætlunin að greina allar breyturnar í greiningarbreytudálknum eftir kyni og aldursflokkum, en líka eftir kyni og menntunarstigi. Þannig verður til ein px-tafla á vef Hagstofunnar þar sem hægt er að skoða tíma sem tekur að ferðast á milli staða eftir kyni og aldursflokkum og önnur tafla þar sem hægt er að skoða tíma sem varið var í ferðalag eftir kyni og menntunarstigi.

Tafla 4. Helstu niðurstöðutöflur ÍS-T.

Flokkunarbreytur	Greiningarbreytur
Kyn x aldursflokkar	Tími sem tekur:
Kyn x sjálfsmat vinnumarkaðsstöðu	1) Ferðast milli staða (Q_ACT1_24) (hægt að brjóta niður eftir ferðamáta)
Kyn x erlendur bakgrunnur	2) Sofa (Q_ACT1_22)
Kyn x menntunarstig	3) Elda, undirbúa eða hita upp máltíðir, leggja á borð, taka af borði eða vaska upp (Q_ACT1_4)
Kyn x aldursflokkar x almenn heilsa	4) Þrifa íbúðina að innan eða utan, henda rusli, fara með sorp í endurvinnslu eða vökva plöntur (Q_ACT1_5)
Kyn x fjöldi barna á heimili (út frá aldri heimilisfólks)	5) Sinna viðhaldi á íbúð, viðgerðum á húsgögnum eða farartækjum heimilisins (Q_ACT1_6)
Heimilisgerðir x ráðstöfunartekjur	6) Þvo, strauja, hengja upp, brjóta saman eða ganga frá þvotti, gera við föt eða burstu skó (Q_ACT1_7)
Staða heimilis á húsnæðismarkaði x ráðstöfunartekjur	7) Annast barn á heimilinu eða í fjölskyldunni (Q_ACT1_11)
Staðsetning heimilis x ráðstöfunartekjur	8) Annast fullorðinn einstakling á heimilinu eða í fjölskyldunni með því að aðstoða viðkomandi við að matast, baða sig, klæða sig, hjálpa viðkomandi í rúmið, tala við viðkomandi, fara með til lækni eða í aðra heilbrigðisþjónustu (Q_ACT1_11)
	Hlutfall sem skipulagði athafnir annarra.
	Hlutfall sem sinnti tveimur athöfnum í einu.
	Hlutfall sem sinnti tveimur athöfnum í einu þar sem önnur var að annast barn.
	Hlutfall sem sinnti einstaklingi með langvarandi heilsufars- eða líkamlegar takmarkanir.

6.2 Úrtaksstærð, úrtaksgerð og úrtaksrammi

Almenna reglan í úrtaksrannsóknum Hagstofu Íslands er að velja einfalt slembiúrtak úr þjóðskrá, nema eitthvað sérstakt í ályktunartöku viðkomandi rannsóknar kalli á lagskipt úrtak til að tryggja nægan fjölda í hópum. Markmið ÍS-T verða fyrst og fremst að skoða í hvaða athafnir almenningur nýtir tíma sinn en ekki síður að skoða hvernig verkaskiptingu er háttað á heimilum og þá sérstaklega eftir kyni. Því er í þessari fyrstu útgáfu rannsóknarinnar ekki tilefni til að beita flóknari úrtakshönnun en einföldu slembiúrtaki. Úrtaksrammi rannsóknarinnar verður þjóðskrá.

Til að ákvarða úrtaksstærð þarf að nota forsendur um hvernig ætla megi að lykildreytur rannsóknarinnar muni dreifast í svörum. Í tilfalli ÍS-T má ákvarða úrtaksstærð út frá fyrri upplýsingum sem til eru úr lífskjararannsókn Hagstofunnar frá árinu 2021 þar sem sérstaklega var spurt um verkaskiptingu á heimilum. Voru svör um 3.000 talsins. Samkvæmt niðurstöðum eyddu karlar með börn að meðaltali 8,2

klukkustundum ($sf=0,5$) í heimilisstörf á viku, en konur 11 klukkustundum að meðaltali ($sf=0,6$). Nota má þessar upplýsingar til að reikna heppilega úrtaksstærð fyrir rannsóknina, með því að setja forsendur um nákvæmnikröfur niðurstaðna rannsóknarinnar. Ein leið til þess er að miða við hlutfallslega lengd öryggisbils stikamats, en öryggisbilið er algengur mælikvarði á nákvæmni niðurstaðna úrtaksrannsóknna. Í þessu tilviki var miðað við að hlutfallsleg lengd 95% öryggisbils ætti ekki að ná lengra en sem nemur 2,5% stikans sem um ræðir. Út frá þessum forsendum var hægt að reikna nauðsynlega úrtaksstærð fyrir konur ($n_{kvk}=547$) og karla ($n_{kk}=381$). Með því að leggja þessar tölur saman og afrúnna kemur í ljós að nauðsynleg úrtaksstærð til að ná viðunandi nákvæmni stikamats er um 900 einstaklingar. Þar sem hlutfall karla er nokkru hærra í þýðinu er eðlilegt að hækka þessa tölu upp í næsta hundrað og miða við að fjöldi svarenda verði 1.000 til að ná settum markmiðum um nákvæmni niðurstaðna. Um verður að ræða vefrannsókn, þar sem svarhlutfall er jafnan lágt eða um 30%, þó að allt kapp verði lagt á að hámarka það eins og kostur er. Af þeirri ástæðu þarf að taka heldur stærra úrtak til að tryggja nægan fjölda í hópi endanlegra svarenda rannsóknarinnar. Ef reiknað er með 30% svörun þarf að taka úrtak 3.300 einstaklinga úr þjóðskrá til að tryggja að viðunandi nákvæmni í lokaniðurstöðum náist.

7. Tillögur um framkvæmd og úrvinnslu

7.1 Framkvæmd

Það er bæði flókið og kostnaðarsamt að framkvæma tímarannsóknir. Þeim fylgir mikil svarbyrði fyrir þátttakendur og það er tímafrekt að svara rannsókninni þar sem þátttakandinn þarf að muna hvað hann var að gera á ákveðnum tíma og hversu langan tíma það tók. Ef rannsóknin er of löng aukast líkur á því að þátttakendur svari ekki eða gefist upp eftir að hafa byrjað á spurningalistanum. Minnkandi svörun og aukið brottfall í úrtaksrannsóknnum er alþjóðlegt vandamál og er það ein stærsta áskorunin í þessari rannsókn hvernig eigi að bregðast við því til að ljúka rannsókninni með viðunandi svörun. Mikilvægt er að finna jafnvægi milli lengdar spurningalistans og þess tíma sem þátttakendur eru tilbúnir að verja í að svara honum. Til að mæta þessu verður notast við léttari og hnitmiðaðri útgáfu af tímanotkunarrannsókn eins og fjallað hefur verið um fyrr í skýrslunni. Með því er leitast við að ná sem hæstu svarhlutfalli en um leið að minnka svarbyrði þátttakenda. Framkvæmd og fyrirlögn rannsóknarinnar má skipta í fimm skref.

7.1.1 Hönnun spurningalista

Fyrsta skrefið er hönnun spurningalistans sem notaður verður til að safna upplýsingum frá svarendum, en tekið verður mið af tímarannsóknnum nágrannalandanna og stuðst við Stuttlista SP við gerð spurningalistans.

Samhliða þeirri vinnu þarf að ákveða viðmiðunartímabil rannsóknarinnar og hvernig tímaskráningu verður háttað, þ.á m. fjölda og tegund daga sem hver og einn á að skrá. Með tegund daga er átt við hvort skrá eigi einn virkan dag og einn helgardag eða hafa annað fyrirkomulag þar á. Í flestum tímanotkunarrannsóknnum samanstendur viðmiðunartímabilið af bæði virkum dögum og helgardögum, þar sem tímanotkun fólks er ólík eftir því hvort um ræðir vinnu- eða frídaga.¹² Með því móti er t.d. hægt að bera saman þann tíma sem varið er í ógreidda vinnu eða heimilisstörf, eftir því hvort um ræðir vinnu- eða frídaga.

Einnig þarf að ákveða hvort þátttakendur verða beðnir um að skrá tíma sinn einhvern ákveðinn vikudag eða daga aftur í tímann eða fram í tímann. Ef þátttakendur eru beðnir um að halda dagbók einhvern ákveðinn dag eða daga fram í tímann getur það verið auðveldara að því leyti að sú aðferð krefst ekki upprifjunar heldur býður upp á þann möguleika að geta skráð jafnóðum hvað gert er. Hins vegar gæti þá e.t.v. sá möguleiki verið fyrir hendi að fólk verði meiri tíma í athafnir sem álitnar eru félagslega æskilegar en það annars myndi gera. Að sama skapi þarf að ákveða hvort gefa eigi þátttakendum möguleika á að skrá annan dagbókardag ef tiltekinn viðmiðunardagur hentar þeim ekki einhverra hluta vegna. Það gæti dregið úr brottfalli að leyfa slíkt, en til að lágmarka áhættu á annars konar skekkju sem það gæti haft í för með sér væri æskilegt að í staðinn væri skráður sami vikudagur í vikunni á eftir.¹²

Við þá ákvörðunartöku sem lýtur að lengd viðmiðunartímabils þarf að hafa hugfast að með notkun á lengri viðmiðunartíma er unnt að safna meiri gögnum og bera saman tímanotkun einstaklinga eftir því hvort um virkan dag eða helgardag er að ræða. Aftur á móti hefur lengri viðmiðunartími í för með sér að lengri tíma tekur fyrir svarendur að fylla út dagbókarhluta spurningalistans og þar með aukna svarbyrði og meiri áhættu á brottfalli. Jafnframt getur verið erfitt fyrir svarendur að rifja upp tímanotkun sína eftir því

¹² https://millenniumindicators.un.org/unsd/statcom/53rd-session/documents/BG-3h-Quality_UN_EG_TUS2021_FINAL_SENT_rev-E.pdf

sem spurt er lengra aftur í tímann.¹² Þessa kosti og galla þarf að veita og meta þegar lengd viðmiðunartímabils verður ákveðin.

Í spurningalistanum verða þátttakendur beðnir um að fylla út stutta dagbók og þannig gera grein fyrir því hvernig þeir verja tíma sínum þann dag eða þá daga sem spurt er um. Auk þess verða lagðar fyrir bakgrunnsspurningar og viðbótarspurningar þar sem þátttakendur verða spurðir nánar út í tímanotkun og tímaskynjun sína almennt og þeir beðnir um að meta hversu ánægðir eða óánægðir þeir eru með tímanotkun sína. Á þessu stigi verða kallaðir til rýnihópar til að rýna í ákveðna þætti spurningalistans. Spurningalistinn verður svo orðalagsprófaður og þýddur yfir á ensku. Að því loknu verður hann settur upp í kannanaforriti og svo forprófaður á netinu með tilliti til leiðarstýringar.

7.1.2 Skipulagning fyrirlagnar

Annað skrefið er að skipuleggja fyrirlögn rannsóknarinnar. Ákveða þarf úrtaksstærð, tímalínu gagnasöfnunar og hvernig best er að ná sambandi við þátttakendur. Nánar er fjallað um úrtakið í kafla 5.2 hér fyrir í skýrslunni. Gert er ráð fyrir því að haft verði samband við þátttakendur með því að senda þeim kynningarbréf í stafrænt pósthólf island.is með tengli á spurningalistann, auk þess sem kynningarbréf verður mögulega einnig sent á skráð lögheimili.

Ákveða þarf hversu mörg ítrekunarbréf á að senda og með hve löngu millibili. Það þarf einnig að endurmeta á meðan á gagnasöfnun stendur, eftir því hversu vel gagnasöfnun gengur. Einnig þarf að ákveða hvað fleira verður gert til að reyna að hámarka svörum þeirra sem lenda í úrtaki rannsóknarinnar. Í því sambandi kemur t.d. til greina að nota umbun (e. incentive) í formi happdrættis þar sem dregin yrðu út nokkrir vinningshafar að peningakortum úr hópi þeirra sem tækju þátt. Almennt benda rannsóknir til þess að notkun á slíku happdrætti sé áhrifarík aðferð til að auka svörum í netkönnunum.¹³

7.1.3 Gagnasöfnun

Þriðja skrefið er að safna svörum frá þátttakendum. Spurningalistinn verður lagður fyrir á netinu, auk þess sem mögulega kemur til greina að senda pappírslista heim til úrtaksaðila sem ekki hafa svarað á vef innan ákveðins tímaramma.

7.1.4 Gagnahreinsun og yfirferð gagna

Fjórða skrefið er gagnahreinsun og yfirferð gagna. Nauðsynlegt er að yfirfara gæði gagnanna, athuga hvort svör vanti og skoða villur og ósamræmi í svörum þátttakenda. Það er mikilvægt að tryggja að gögnin sem var safnað með rannsókninni séu nákvæm og áreiðanleg.

7.1.5 Vista í gagnatöflum

Lokaskref gagnasöfnunar er síðan að flytja gögnin sem safnað var í tímarannsókninni og vista þau í töflum í úrvinnslugrunni. Þá tekur við úrvinnsla, greining og miðlun niðurstaðna úr rannsókninni.

Það er mikilvægt að vanda allt gagnasöfnunarferlið til að tryggja að gögnin séu eins nákvæm og áreiðanleg og hægt er. Góð áætlanagerð og hönnun spurningalistans auk vandaðrar stjórnunar á gagnasöfnunarferlinu er nauðsynleg til að viðunandi árangur náist við fyrirlögn á tímarannsókninni. Gert

¹³ Sammut, R., Griscti, O. og Norman, I.J. Strategies to improve response rates to web surveys: A literature review. (2021). *International Journal of Nursing Studies*, 123 (Ágúst 2021): 34454334.

er ráð fyrir að hönnun spurningalistans, prófanir og forritun hefjist í apríl 2023 og að gagnasöfnun fari fram í september og október sama ár.

7.2 Úrvinnsla, greining og miðlun niðurstaðna

Gert er ráð fyrir að fjórum vikum eftir að gagnasöfnun rannsóknarinnar er lokið geti úrvinnsla rannsóknarinnar hafist og að henni lokinni greining. Þá eru gögnin tilbúin til útgáfu á vef Hagstofunnar. Gera má ráð fyrir að úrvinnsla gagna og greining þeirra muni taka um tvo mánuði. Að þeim tíma liðnum verður hægt að birta niðurstöður á vef Hagstofunnar. Ef gert er ráð fyrir að gögnum verði safnað í september 2023 má reikna með að gögn verði tilbúin til miðlunar í byrjun árs 2024. Ef miðað er við að niðurstöður þurfi að birtast fyrir byrjun mars 2024 (þ.e. áður en vinnu við fjármálaáætlun þess árs lýkur) er nóvember 2023 síðasti gagnasöfnunarmánuðurinn sem býðst.

7.2.1 Úrvinnsla

Í grófum dráttum felst úrvinnsla hagtalna í átta skrefum.¹⁴ Þegar gagnasöfnun er lokið og búið er að vista gögn í þar til gerðar töflur er fyrsta skrefið að samþætta gagnasafnið og tengja við önnur gagnasöfn sem notuð verða í úrvinnslu og greiningu. Í þessu tilfalli verða gögn spurningalistans tengd við aðrar gagnaheimildir sem til eru og verða notaðar til að vinna bakgrunnsbreytur rannsóknarinnar.

Annað skrefið felst í því að flokka og kóða. Fyrir ÍS-T snýst það fyrst og fremst um að flokka opin svör við spurningum undir aðra svarkosti, flokka störf í samræmi við starfaflokkunina ÍSTARF21, flokkun heimila svarenda (t.d. út frá heimilisgerðum) og setja upp aldursflokk.

Þriðja skrefið felst í að sannprófa og fara yfir svörin. Í því skrefi er þess freistað að koma auga á villur í skráningu gagna, t.d. hvort um sé að ræða ólöglega kóða á breytum, hvort um sé að ræða röklega ómöguleg tengsl milli breyta eða hvort dreifing samfelldra breyta bendi til þess að villur sé að finna. Að auki er skoðað hvort um sé að ræða óhóflega mikið magn gagnagata í safninu – þ.e. hvort gagnagöt geti ógnað gæðum niðurstaðna.

Fjórða skrefið felst í að leiðrétta og tilreikna. Tilreiknun er beitt ef gagnagöt er að finna í safninu og eins ef í ljós hafa komið röklega ómögulegar villur.

Fimmta skrefið felst í að reikna afleiddar breytur, t.d. ef um er að ræða gagnasöfnun meðal einstaklinga en niðurstöður verða einnig reiknaðar fyrir heimili.

Sjötta skrefið snýr að því að reikna vogir fyrir gagnasafnið. Þar sem um er að ræða úrtaksrannsókn þarf alltaf að beita vogum til að vigtaðar niðurstöður séu í samræmi við þekktar stærðir í þýðinu. Enn fremur má reikna með brottfalli í rannsókninni. Þá eru vogir notaðar til að leiðrétta fyrir brottfallskekku, þ.e. til að leiðrétta niðurstöður þannig að brottfall ákveðinna einstaklinga (sem getur dreifst mismunandi eftir hópum í úrtakinu) hafi ekki neikvæð áhrif á gæði niðurstaðna.

Sjöunda skrefið felst í að reikna uppreiknaðar niðurstöður fyrir mismunandi hópa í gögnunum og áttunda og síðasta skrefið snýst um að búa til gagnaskrár sem hægt er að vinna með áfram.

¹⁴ <https://statswiki.unece.org/display/GSBPM/IV.+Levels+1+and+2+of+the+GSBPM>

7.2.2 Greining gagna

Greining gagna skiptist í fimm skref. Fyrsta skrefið snýst um að búa til fyrstu drög niðurstaðna fyrir miðlun. Hér er hægt að búa til flóknari hagtölur á borð við vísitölur eða árstíðaleiðréttar stærðir en fyrir tímarannsóknina eru niðurstöðurnar yfirleitt frekar einfaldar á forni meðaltals eða sem hlutföll.

Annað skref greiningar snýst um að sannprófa niðurstöður, t.d. með því að bera niðurstöður saman við aðrar heimildir, skoða hversu góð þekja talnanna er, skoða ósamræmi í niðurstöðum þar sem það kann að koma fram og skoða niðurstöðurnar út frá væntingum sérfræðinga og þeirri þekkingu sem til er á viðkomandi sviði.

Þriðja skrefið felst í að útskýra og túlka niðurstöðurnar, m.a. að setja þær í samhengi við aðrar tölur. Þetta er mikilvægur undirbúningur fyrir miðlun og til að eiga í samtali við notendur eftir að hagtölurnar hafa verið birtar.

Fjórða skrefið felst í að hindra rekjanleika í niðurstöðum, ef þörf krefur. Í þessu felst að skoða hvort hætta sé á því að hægt sé að koma auga á einstaklinga út frá birtum niðurstöðum. Ef sú hætta er til staðar þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að draga úr hættunni.

Í fimmta og síðasta skrefi greiningar eru endanlegar niðurstöður reiknaðar og staðfest að þær henti fyrir tilgang sinn (e. fit for purpose) og að gæði þeirra séu viðunandi.

7.2.3 Miðlun hagtalna

Þegar búið er að setja upp endanlegar niðurstöður er hægt að huga að miðlun talnanna. Hagtölur eru jafnan gefnar út í px-töflum á vef Hagstofunnar. Þegar um er að ræða nýjar eða áhugaverðar niðurstöður er við hæfi að frétt fylgi birtingunni. Fyrir tímarannsóknina er ljóst að frétt mun fylgja niðurstöðunum og verður þar gerð grein fyrir helstu niðurstöðum sem reikna má með að séu hvað áhugaverðastar fyrir notendur talnanna. Þá verður áhersla lögð á myndræna framsetningu niðurstaðna í fréttinni þar sem notaður verður hugbúnaðurinn Datawrapper sem birtir einföld myndrit og töflur.

Auk birtingar niðurstaðna í px-töflum og myndskreyttar fregnar verða nákvæm lýsigögn birt á vef Hagstofunnar. Í þeim verður gerð grein fyrir helstu eiginleikum gagnanna og hvað þarf að hafa í huga við túlkun þeirra og notkun. Þar verður einnig farið yfir ferli gagnasöfnunar, svarhlutfall og hvaða aðferðum var beitt til að tryggja nákvæmni og áreiðanleika niðurstaðna.

